Námsefni	Hæfniviðmið
Stærðfræði **Vorönn 2026** 9-10. bekkur WS 3 tímar í töflu á viku 3 vikna lota í október 2 vikna lota í nóvember ---------- **Kennsla:** **Loturnar** nýtast í að skerpa á þekkingu, rifja upp og leggja inn erfiðari og flóknari hugtök. **Dæmatímar** eru þrisvar í viku, þeir nýtast í sjálfstæða vinnu en gætu innihaldið stuttar innlagnir. Einu sinni í viku fylgja tímar kennsluaðferðinni: hugsandi kennslustofu(Peter Liljedahl). # 9. Bekkur: **ágúst-september:** Prósentur Veldi og tugveldi **október-desember:** Algebra Föll	Sjá heimasíðu Waldorfskólans: (Hæfniviðmið) og Aðalnámskrá grunnskóla **<u>Almenn hæfniviðmið</u>** Nemendur þjálfa með sér dýpri skilning á stærðfræðilegum hugtökum og sjá tengsl þeirra við lífið og náttúruna. Þeir læra að lesa og túlka stærðfræðilegan texta, vinna með algebru og þróa með sér sjálfstæða og skapandi hugsun í lausn verkefna. **<u>Hæfniviðmið 9. bekk</u>** Að nemandi geti fundið, sett fram og afmarkað stærðfræðiþrautir bæði í tengslum við daglegt líf og viðfangsefni stærðfræðinnar, lagt mat á lausnirnar, m.a. með það að markmiði að alhæfa út frá þeim. Að nemandi geti sett upp, túlkað og gagnrýnt stærðfræðilegt líkan af raunverulegum aðstæðum. Það getur m.a. falið í sér reikning, teikningar, myndrit, jöfnur og föll. Að nemandi geti tjáð sig um stærðfræðileg efni, munnlega, skriflega og myndrænt af nákvæmni og túlkað framsetningu annarra á stærðfræðilegu efni. Að nemandi geti unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna og gefið öðrum viðbrögð m.a. með því að spyrja markvisst. Að nemandi geti nýtt möguleika stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum og líkt eftir raunverulegum fyrirbrigðum. Að nemandi geti notað rauntölur og greint samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum. Að nemandi geti leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum. Að nemandi geti tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi. Að nemandi geti reiknað með ræðum tölum m.a. við lausnir á jöfnum og öðrum viðfangsefnum algebru. Að nemandi geti unnið með talnarunur og rúmfræðimynstur til að rannsaka, koma skipulagi á og

10. bekkur: **ágúst-september:** Persónuleg fjármál Pýþagóras **október-desember:** Algebra - Sannanir Föll	alhæfa um það á táknmáli algebrunnar og sett fram stæður með breytistærðum. Að nemandi geti teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, rannsakað, lýst og metið samband milli hlutar og teikningar af honum. Að nemandi geti túlkað jöfnur í hnitakerfi og notað teikningar í hnitakerfi til að leysa þær. Að nemandi geti lesið, skilið og lagt mat á upplýsingar um líkindi sem birt eru á formi tölfræði, t.d. í fjölmiðlum. Að nemandi geti reiknað veldi og ferningsrót af tölu. Að nemandi vinni áfram með mál og mælieiningar, umbreytingu einingana, nákvæmni og námundun. Að nemandi vinni áfram með flatarmál mismunandi tvívíðra forma. **<u>Hæfniviðmið fyrir 10.bekk eru lokaviðmið Aðalnámsskrár í stærðfræði.</u>** --- **Námsmat** Vinnumat kennara. Verkefnaskil og vinna í vinnubók. Þátttaka og frumkvæði í tímum. Áhugi og skilningur. --- **Efni** Skali 2A & 2B Skali 3A & 3B Aukaefni: Stærðfræði 9+ & Stærðfræði 10+ Fræðslumyndbönd af netinu. --- **Verkefni** Sjálfstæð vinna, hópverkefni, kannanir, þrautir og leikir.